



**45. fundur Heimastjórnar Seyðisfjarðar
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Seyðisfirði, fimmtudaginn 4. apríl 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Jón Halldór Guðmundsson aðalmaður,
Margrét Guðjónsdóttir aðalmaður og Inga Þorvaldsdóttir fulltrúi sveitarstjóra.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi sveitarstjóra

Við upphaf fundar bar formaður upp tillögu um að mál nr.1 Fjarðarheiðargöng yrði bætt við dagskrá fundarins. Engin gerði athugasemd við tillöguna og skoðast hún samþykkt.

Dagskrá:

1. 202208012 - Fjarðarheiðargöng

Í ljósi mikillar ófærðar og margra daga lokunar á Fjarðarheiði yfir páskana leggur heimastjórn Seyðisfjarðar enn og aftur áherslu á mikilvægi þess að framkvæmdir hefjist sem fyrst og leggur því fram eftirfarandi bókun.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Heimastjórn Seyðisfjarðar beinir því til sveitarstjórnar að farið verði þess á leit við innviðaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að gefin verði heimild til þess að hefja útboð Fjarðarheiðarganga og að það verði gert samhliða því að verkefnastofa um gjaldtöku klári sína vinnu við tekjumódel fyrir jarðgöng á Íslandi. Með því móti væri hægt að ganga til samninga um leið og samþykkt verði á Alþingi tekjumódel jarðganga á Íslandi. Mikilvægt er að framkvæmdir við gerð Fjarðarheiðarganga hefjist ekki síðar en 2025.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202401014 - Samfélagsverkefni heimastjórna 2024

Heimastjórn Seyðisfjarðar þakka innsendar hugmyndir. Erindi sem bárust snéru að: uppbyggingu og lagfæringu á útikennslustofu, gerð minningarreitir um snjóflóðið árið 1885, setja aðra tegund undirlags í stað sands á leiksvæði, setja upp útihljóðfæri á leiksvæði, gerð selavinjar í lóninu, uppsetningu á nytjamarkaði, bæta lýsingu á göngustíg, uppsetningu á vatnsbrunni við leiksvæði og uppsetningu skautasvells.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Heimastjórn hefur valið verkefni ársins og felur starfsmanni og framkvæmda- og umhverfismálastjóra að vinna áfram að kostnaðarmati við að setja aðra tegund undirlags á leikvöllinn og uppsetningu á vatnsbrunni.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202403193 - Umferðaröryggi við Ferjuleiru á Seyðisfirði



Fyrir liggur bókun frá Umhverfis- og framkvæmdaráði þar sem óskað er eftir umsögn heimastjórnar vegna væntanlegrar breytingar á Ferjuleiru í einstefnugötu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Heimastjórn Seyðisfjarðar gerir enga athugasemd við fyrirhugaða breytingu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202403234 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar Fiskeldis Austfjarða um sjókvíeldi í Seyðisfirði

Fyrir liggur beiðni frá Matvælastofnun um umsögn vegna umsóknar Fiskeldis Austfjarða um sjókvíeldi í Seyðisfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Heimastjórn Seyðisfjarðar felur formanni ráðsins og starfsmanni að vinna drög að umsögn í samræmi við umræður á fundinum, frestur hefur verið veittur til 10. maí. Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi heimastjórnar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði

Í upphafi máls vakti formaður (JB) máls á mögulegu vanhæfi sínu undir málsliðnum. JB gerði grein fyrir vanhæfi sínu, opnuð var mælendaskrá og var tillagan síðan tekin til afgreiðslu. Vanhæfistillagan var samþykkt samhljóða og fól JB Margréti Guðjónsdóttur stjórn fundarins. Í framhaldi vék JB af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Fyrir liggja fundagerðir samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði dags 04.03.2024 og 22.03.2024

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

